

# Ársskýrsla 2014



LÍFEYRISSJÓÐUR  
STARFSMANNA  
SVEITARFÉLAGA



LÍFEYRISSJÓÐUR  
STARFSMANNA  
SVEITARFÉLAGA

ÁRSSKÝRSLA 2014

Ritstjórn og umsjón með útgáfu:

Gerður Guðjónsdóttir og Þórdís Hadda Yngvadóttir.

Hönnun og umbrot: Hvíta Húsið.

Prentvinnsla: Oddi.

Starfsmanna og stjórnarmyndir: Vigfús Birgisson.

Aðrar ljósmyndir: Ragnar Th. Sigurðsson.

Upplýsingar í þessari ársskýrslu eru birtar  
með fyrirvara um prentvillur.

## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns .....	2
Starfsemi LSS .....	4
Samtryggingardeildir .....	6
A-deild .....	7
V-deild .....	8
B-deild .....	9
Lífeyrir samtryggingardeilda .....	10
Skuldbindingar .....	11
Áhættustýring .....	12
Fjárfestingarstefna 2015 .....	14
Markaðir .....	16
Ávöxtun .....	17
Fjárfestingar ársins .....	18
Sjóðfélagalán .....	19
Verðbréfaeign í árslok .....	20
Séreignardeild .....	22
Ársreikningur 2014 .....	23

## Ávarp stjórnar- formanns



Árið 2014 var ár mikilla breytinga hjá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga. Um mitt sumar létu af störfum tveir lykilstarfsmenn sjóðsins sökum aldurs, þeir Jón G. Kristjánsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, og Arent Claessen, sviðsstjóri réttindasviðs. Eru þeim þökkun vel unnin störf og gott samstarf á liðnum árum. Nýr framkvæmdastjóri sjóðsins, Gerður Guðjónsdóttir, tók til starfa 1. júlí.

Hinn 1. október 2014 hófst nýtt kjörtímabil stjórnar LSS, sem mun standa til 2018. Tveir nýir stjórnarmenn tóku til starfa fyrir sjóðinn, þeir Benedikt Vals-son og Sigurbergur Ármannsson, báðir kjörnir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Úr stjórn gengu Gerður Guðjónsdóttir og Karl Björnsson. Einnig tóku til starfa þrír nýir varamenn, en það eru Sólveig B. Gunnarsdóttir, fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ingibjörg Kristleifsdóttir, BSRB og Páll Halldórsson, BHM. Úr varastjórn gengu Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Björg Bjarnadóttir, BSRB og Helgi Þór Jónasson, BHM. Formaður stjórnar er Kristbjörg Stephensen og varaformaður er Garðar Hilmarrsson. Stjórn sjóðsins tilnefndi í endurskoðunarnefnd þau Karl Björnsson sem er formaður nefndarinnar, Elínu Björgu Jónsdóttur og Stefán Aðalsteinnsson.

Unnið var að ýmsum brýnum verkefnum er lúta að innri starfsemi sjóðsins. Á árinu hófst vinna við stefnumótun og endurmörkun sjóðsins. Ráðnir voru nýir stjórnendur, verkaskipting starfsmanna var endurskipulögð, upplýsingakerfi uppfærð og breytingar gerðar á starfsaðstöðu starfsmanna. Þá var einnig lögð áhersla á að yfirfara og bæta verklagsreglur og verkferla sjóðsins.

Í lok ársins kannaði Fjármálaeftirlitið áhættustýringu sjóðsins en að mati eftirlitsins er áhættustýring almennt í góðu horfi.

Á árinu var afkoma sjóðsins góð. Hrein raunávöxtun var 4,6% og fimm ára meðalávöxtun var 3,6%. Heildareignir sjóðsins námu í árslok 2014 tæpum 98,2 milljörðum kr. og hækkuðu um 11,6 milljarða á milli ára eða um 13,4%. Þrátt fyrir góða afkomu hefur hún lítil áhrif á tryggingafræðilega stöðu A-deildar sem er áhyggjuefni. Í árslok 2014 námu skuldbindingar umfram eignir 21,6 milljörðum kr. eða sem nemur 12,3% af heildarskuldbindingum.

Með lögum nr. 96/2014, sem samþykkt voru á Alþingi 30. september 2014, var bráðabirgðaákvæði kafla VI framlengt enn einu sinni en það kveður á um tímabundna undanþágu frá kröfum laga nr. 129/1997 um tryggingafræðilegt jafnvægi. Við tryggingafræðilega athugun á árinu 2014 vegna ársins 2013 var því heimilt að hafa allt að 13% mun á hreinni eign og núvirði væntanlegs lífeyris án þess að grípa til aðgerða og þá var heimilt að hafa meira en 10% mun í allt að sjö ár frá og með árinu 2008. Fyrir breytingu Alþingis kvað bráðabirgðaákvæðið á um 11% heimilan mun og sex ár. Ef ekki væri fyrir bráðabirgðaákvæðið væri heimildin 10% og fimm ár. Hlutfallið í A-deild er því yfir framangreindum viðmiðum og verður stjórn sjóðsins að grípa til aðgerða í samræmi við ákvæði 39. gr. laga nr. 129/1997. Samkvæmt samþykktum sjóðsins ber við þessar aðstæður að hækka iðgjald launagreiðanda.

Á undanföllum áratugum hefur meðalævi Íslendinga lengst og því fá sjóðfélagar lífeyri að jafnaði í fleiri ár en áður. Til að bregðast við þessari staðreynd hafa stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins skoðað ýmsar leiðir til breytinga á lífeyriskerfinu. Vænta má að þær breytingar verði innleiddar í áföngum og á löngum tíma svo að áhrif á lífeyrisþega verði sem minnst.

Gjaldeyrishöftin hafa skapað margvísleg vandamál fyrir fjárfestingar, áhættu-stýringu og starfsemi lífeyrissjóða almennt. Fáir fjárfestingakostir leiða til einsleitara eignasafns og áhættudreifing verður ófullnægjandi. Það skapar hættu á skökku verðlagi á innlendum eignamörkuðum, hvort sem um er að ræða hlutabréf, skuldabréf eða fasteignir. Landssamtök lífeyrissjóða réðu sérfræðinga til að meta stöðu lífeyrissjóðanna með tilliti til gjaldeyrishafta en niðurstaða þeirra kom út á árinu 2014 í bókinni *Áhættudreifing eða einangrun?* Þar eru færð sterk rök fyrir að heimila lífeyrissjóðunum að fjárfesta í erlendum eignum að nýju.

Fyrir hönd stjórnar sjóðsins flyt ég starfsmönnum og sjóðfélögum þakkir fyrir gott samstarf og samskipti á liðnu starfsári með ósk um að þetta ár verði okkur öllum hagfellt.

*Kristbjörg Stephensen*  
Stjórnarformaður



## Starfsemi LSS

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga spannar allar tegundir lífeyriskerfa í landinu. Sjóðurinn rekur A-deild – almenna deild fyrir starfsmenn sveitarfélaga með föstum réttindum, V-deild eða valdeild með aldurstengd réttindi eins og í almenna lífeyriskerfinu og B-deild, bæjarfélagadeild sem er réttindasafn fimm lokaðra sveitarfélagasjóða sem sameinuðust um mitt ár 2013. Hjá sjóðnum er einnig starfrækt séreignardeild með þremur leiðum en rekstur hennar er úthýstur hjá Arion banka. Þar til viðbótar sér sjóðurinn um rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar.

Viðfangsefni sjóðsins eru því fjölbreytt og krefjandi. Með sameiginlegum rekstri þessara eininga nást samlegðaráhrif sem felast í sérhæfðu starfsfólki, aðgreiningu starfa, sameiginlegum rekstri upplýsingakerfa, rekstri húsnæðis og endurskoðun svo eitthvað sé nefnt.

Starfsemi LSS er skipt í réttinda- og lögfræðisvið, eignastýringarvið og skrifstofu- og fjármálasvið. Réttinda- og lögfræðisvið sér um skráningu og innheimtu iðgjalda, úrskurði lífeyris og lífeyrisgreiðslur og skjalagerð fyrir sjóðfélagalán. Bókhald, fjármál, ársreikningsgerð og daglegur rekstur heyrir undir skrifstofu- og fjármálasvið. Eignastýringarvið sér um fjárfestingar sjóðsins, samskipti við eignastýringaraðila, eftirlit með fjárfestingum og skýrslugerð. Í sjóðnum er starfrækt fjárfestingaráð sem sinnir fjárfestingum sjóðsins. Á árinu var sett á laggirnar lánanefnd sem sér um sjóðfélagalán. Framkvæmdastjóri samþættir verkefni ofangreindra sviða. Önnur mikilvæg verkefni svo sem regluvarsla, skjalastýring, áhættustýring og upplýsinga- og kynningarmál heyra beint undir framkvæmdastjóra.

Á síðastliðnu ári var mikil áhersla lögð á umbótavinnu hjá sjóðnum en margir ferlar og verklagsreglur voru uppfærðar. Skipaður var regluvörður og ráðinn sérfræðingur í áhættustýringu til að styrkja og efla áhættustýringu sjóðsins.



Stjórn LSS á fundi ásamt framkvæmdastjóra og ritara. Frá vinstri: Þórdís Yngvadóttir, ritari stjórnar, Salóme A. Þórisdóttir, f.h. BHM, Benedikt Valsson f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri, Kristbjörg Stephensen, formaður stjórnar f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Garðar Hilmarsson, varaformaður f.h. BSRB, Elín Björg Jónsdóttir f.h. BSRB, og Sigurbergur Ármannsson f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga.



#### Starfsmenn LSS

Anna Dröfn Clausen, Þórunn Alfreðsdóttir, Þóra Jónsdóttir, Guðmundur Friðjónsson, Sigurveig Hjaltsted, Þórdís Yngvadóttir, Jóna Björg Magnúsdóttir, Róbert Styrmir Helgason, Ásta Kristjánsdóttir, Elías Halldór Leifsson, Helga María Mosty, Ingi Kristinn Pálsson, Gerður Guðjónsdóttir og Magna Sverrisdóttir. Á myndina vantar Ernu Björk Jónsdóttur.

Eins og fram hefur komið gerði Fjármálaeftirlitið úttekt á áhættustýringu sjóðsins og var niðurstaða þess að áhættustýring sjóðsins sé í góðu horfi. Engu að síður kom eftirlitið með góðar ábendingar um atriði sem gera má betur og er sú úrbótavinna nú þegar langt á veg komin.

Á seinni hluta ársins fór drjúgur tími starfsmanna sjóðsins í vinnu sem tengist úrræðum stjórnvalda, það er leiðréttingu verðtryggðra lána og ráðstöfun séreignasparnaðar til greiðslu húsnæðislána. Sjóðurinn hóf greiðslur úr séreignardeildinni inn á höfuðstól lána hjá lánastofnunum í desember.

Tíðar uppfærslur voru gerðar á upplýsingakerfum sjóðsins vegna ofangreindra breytinga en jafnframt var tekin ákvörðun um að skipta um fjárhagsupplýsingakerfi og taka í notkun nýtt skjalastýringa- og fundakerfi.

Á haustmánuðum hófst vinna við endurmörkun sjóðsins en að þeirri vinnu koma stjórn, starfsmenn og ráðgjafar. Afrakstur þeirrar vinnu mun sjást á næstu mánuðum í ásýnd og þjónustu sjóðsins.


Sveitarfélög þeirra réttindasafna sjóða sem sameinuðust í B-deild sumarið 2013 voru sótt heim af starfsmönnum sjóðsins og þeim kynnt afkoma sjóðsins og réttindasafnanna.

Brýnasta verkefni stjórnar sjóðsins er að bregðast við halla á tryggingafræðilegri stöðu A-deildar. Stjórnin ákvað að fresta ákvörðun um hækkun iðgjalds í A-deild á grundvelli breytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem samþykktar voru var þann 25. september 2014 en þá voru leyfileg vikmörk á milli eignarliða og lífeyris-skuldbindinga hækkuð.

Töluverðar mannbreytingar urðu bæði á stjórn og starfsmönnum á árinu. Jón G. Kristjánsson sem hafði verið framkvæmdastjóri frá stofnun sjóðsins 1998, lét af störfum fyrir aldurs sakir og tók Gerður Guðjónsdóttir við sæti hans þann 1. júlí. Arent Claessen sem hafði verið sviðstjóri réttindasviðs frá upphafi lét einnig af störfum og í hans stað var ráðin Þóra Jónsdóttir, lögmaður. Ingi Kristinn Pálsson var svo ráðinn í nýtt stöðugildi sem sérfræðingur í áhættustýringu.

## Samtryggingar- deildir

Meðalaldur virkra sjóðfélaga  
eftir deildum



### Þrjár samtryggingardeildir hjá LSS

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga starfrækir þrjár samtryggingardeildir, almenna deild eða A-deild, valdeild eða V-deild og bæjarfélagadeild eða B-deild.

### Aðild að samtryggingardeildum

Aðild að lífeyrissjóðnum eiga þeir starfsmenn sveitarfélaga sem hafa kjarasamningsbundna aðild að BSRB, BHM og KÍ þ.e. félag stjórnenda leikskóla og leikskólakennara. Starfsmenn sveitarfélaga geta aðeins verið sjóðfélagar í A-deild en V-deildin er öllum opin.

B-deildin var stofnuð um mitt árið 2013, þegar Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóður Neskaupstaðar, Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar og Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar sameinuðust.

Í B-deildinni er hægt að reikna viðmið lífeyris með tvennum hætti, annars vegar eftir svokallaðri meðaltalsreglu og hins vegar eftir eftirmannsreglu. Meðaltalsreglan er sú að lífeyrir breytist mánaðarlega í takt við vísitölu launa opinberra starfsmanna en lífeyrir samkvæmt eftirmannsreglunni fylgir launum eftirmanns viðkomandi í starfi. Lífeyrisþegar hafa þrjá mánuði til að taka ákvörðun hvorri reglunni þeir vilja fylgja.





### Réttindaávinnsla A-deildar

A-deild veitir föst réttindi sem eru fyrirfram ákveðin og nemur árleg réttindaávinnsla 1,9% af árslaunum sem eru verðtryggt samkvæmt vísitölu neysluverðs. Iðgjald er breytilegt en er nú 16% en þar af greiðir sjóðfélagi 4%.

Heimilt er að hefja lífeyristöku 60 ára en almennt er miðað við að lífeyristökualdur hefjist ekki fyrr en við 65 ára aldursmörkin. Ef lífeyristaka hefst fyrr en við 65 ára aldurinn lækkar mánaðarleg upphæð og hækkar ef lífeyristaka hefst síðar. Lækkunin nemur frá 0,45–0,65% á mánuði og hækkunin nemur 0,6–0,86% á mánuði.

Örorkulífeyrir miðast við 40% örorkumat og raunverulega tekjuskerðingu en lífeyrir er framreiknaður til 65 ára aldurs.

Makalífeyrir reiknast sem 50% af lífeyrisréttindum látins sjóðfélaga og er greiddur til þriggja ára en þá lækkar hann til helminga og er greiddur þannig í tvö ár. Makalífeyrir helst þó óskertur þar til yngsta barn nær 22 ára aldri eða ef maki er meira en 50% öryrki og yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélaga.



Barnalífeyrir er greiddur þar til barn verður 22 ára.

### Iðgjöld

Á árinu 2014 námu iðgjaldagreiðslur til A-deildar samtals 6.342 milljónum króna og jukust um 10% á milli ára. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga, sem er sá fjöldi sem greiðir iðgjald að meðaltali í hverjum mánuði, var 10.657 en heildarfjöldi þeirra sem áunnu sér réttindi á árinu var 14.916. Óvirkir sjóðfélagar í árslok voru 31.433. Af heildarfjölda þeirra sem greiddu iðgjöld á árinu voru 68% konur og 32% karlar og var meðalaldur sjóðfélaga 39 ár.


## A-deild

Skipting kynja – virkir sjóðfélagar A-deild



## V-deild

Skipting kynja  
– virkir sjóðfélagar  
V-deild



■ Karlur  
■ Konur

### Réttindaávinnsla V-deildar

Réttindaávinnsla V-deildar er aldurstengd og eru réttindi því háð aldri, iðgjaldi og ávöxtun. Góð ávöxtun eigna skilar sér í auknum réttindum. V-deildin er öllum opin og veitir sambærileg réttindi og almennir lífeyrissjóðir. Meginreglan er að iðgjaldið nemi 12% af greiddum launum sem tryggir grunnréttindi en iðgjald umfram það telst viðbótariðgjald sem sjóðfélagi getur valið til að tryggja sér aukin lífeyrisréttindi eða að leggja í séreignarsparnað.

Reiknað er með að almennur lífeyristökualdur hefjist við 65 ára aldur en rétt eins og í A-deildinni lækkar mánaðarleg upphæð ef lífeyristaka hefst fyrr og hækkar ef lífeyristaka hefst síðar. Lækkunin er á bilinu 0,45–0,65% á mánuði og hækkunin er á bilinu 0,6%–0,86% á mánuði.


Örorkulífeyrir miðast við 40% örorkumat og raunverulega tekjuskerðingu en lífeyrir er framreiknaður til 65 ára aldurs.

Makalífeyrir í V-deild nemur 50% af lífeyrisréttindum látins sjóðfélaga og greiðist í tvö ár eða þangað til yngsta barn nær 18 ára aldri. Þessi réttindi haldast ef maki er meira en 50% öryrki og yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélaga.

Barnalífeyrir er greiddur þar til barn verður 18 ára.

### Iðgjöld

Iðgjaldagreiðslur til V-deildar námu 2.084 milljónum króna á árinu 2014 og jukust um 28% frá fyrra ári. Að meðaltali var greitt fyrir 4.792 sjóðfélaga í hverjum mánuði á árinu 2014 en 8.759 sjóðfélagar áunnu sér réttindi á árinu. Óvirkir sjóðfélagar voru 22.352 í árslok 2014. Kynjahlutfall virkra sjóðfélaga á árinu 2014 var 64% konur og 36% karlar og meðalaldur þeirra var 36 ár.



### Réttindaávinnsla B-deildar

Almennt er réttindaávinnsla 2% á ári fyrir fullt starf í réttindasöfnum B-deildarinnar af dagvinnulaunum. Hlutastarf skilar hlutfallslegum réttindum en iðgjald greiðist einnig af vaktaálagi, orlofs- og persónuuppþót.

Peir sem eru orðnir 65 ára og hafa látið af störfum hjá sínu sveitarfélagi eða stofnunum þess geta hafið töku lífeyris. Möguleiki er að hefja töku lífeyris fyrr ef sjóðfélagi hefur náð 95 ára reglunni sem er samanlagður sjóðfélagaaldur og lífaldur.

Makalífeyrir er 50% af áunnum réttindum sjóðfélaga og greiðist ævilangt. Hafi sjóðfélagi látist í starfi eða eftir töku eftirlauna í beinu framhaldi af starfi greiðist 20% viðbótarálag á makalífeyrinn. Makalífeyrir fellur niður ef maki hefur sambúð eða gengur í hjónaband að nýju.

Barnalífeyrir er greiddur þar til barn verður 18 ára.


Örorkulífeyrir tekur mið af áunnun réttindum og er miðað við lágmark 10% örorkumat.

### Iðgjöld

Iðgjaldgreiðslur og aukaframlög endurgreiðslna vegna lífeyris námu 718 milljónum króna á árinu 2014 og jukust um 25% frá fyrra ári. Að meðaltali greiddi 201 einstaklingur til B-deildarinnar í hverjum mánuði á árinu 2014 en B-deildin er lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Óvirkir sjóðfélagar í B-deild voru 2.159 í árslok 2014. Af virkum sjóðfélögum á árinu 2014 voru 63% konur og 37% karlar og var meðalaldur þeirra 59 ár.

## B-deild

Skipting kynja – virkir sjóðfélagar B-deild




# Lífeyrir samtryggingar- deilda

**Lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega samanstanda** af ellilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri. Lífeyrisgreiðslur námu samtals 2.565 milljónum króna og er heildarfjöldi lífeyrisþega 4.248. Lífeyrisbyrði sjóðsins, þ.e. hlutfall lífeyrisgreiðslna af iðgjöldum, hækkar frá ári til árs og er nú 28,9%.


**Heildarfjárhæð lífeyrisgreiðslna A-deildarinnar** á árinu 2014 nam 1.473 milljónum króna og skiptist heildarfjárhæðin þannig að 59,3% var greiddur ellilífeyrir eða samtals 873 milljónir króna, 34,5% örorkulífeyrir eða samtals 509 milljónir króna, 2,9% makalífeyrir eða samtals 43 milljónir króna og 3,3% barnalífeyrir, eða samtals kr. 48 milljónir króna. Meðalfjöldi lífeyrisþega A-deildarinnar á árinu 2014 var 2.699.

## A-deild Lífeyrisgreiðslur



**Heildarfjárhæð lífeyrisgreiðslna V-deildarinnar** á árinu 2014 nam 101 milljónum króna og skiptist heildarfjárhæðin þannig að 37,2% var greiddur ellilífeyrir eða samtals tæpar 38 milljónir króna, 53,9% örorkulífeyrir eða samtals 54 milljónir króna, 0,9% makalífeyrir eða tæp 1 milljón króna og 8% barnalífeyrir, eða samtals 8 milljónir króna. Meðalfjöldi lífeyrisþega V-deildarinnar á árinu 2014 var 626.

## V-deild Lífeyrisgreiðslur



## B-deild

**Heildarfjárhæð lífeyrisgreiðslna B-deildarinnar** á árinu 2014 nam 991 milljónum króna og skiptist heildarfjárhæðin þannig að 75,2% var greiddur ellilífeyrir eða samtals 746 milljónir króna, 9,2% örorkulífeyrir eða samtals 91 milljón króna, 15,5% makalífeyrir eða samtals um 154 milljónir króna og 0,1% barnalífeyrir, eða rúmlega 619 þúsundir króna. Meðalfjöldi lífeyrisþega B-deildarinnar á árinu 2014 var 923.

**Áfallin skuldbinding A-deildar** í árslok 2014 var 84,7 milljarður kr. og hækkaði um 12,4% á milli ára. Hrein eign samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2014 nam 77,5 milljörðum kr. og hækkaði um 12,9% á milli ára. Voru eignir í árslok 6,8 milljörðum lægri en áfallin skuldbinding.

Pegar reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það verður heildarskuldbindingin neikvæð um 21,6 milljarð kr. eða um 12,3% af heildarskuldbindingunni. Það hlutfall er yfir lögbundnum viðmiðum og ber stjórn sjóðsins að grípa til aðgerða á árinu 2015 í samræmi við ákvæði 39. gr. laga nr. 129/1997. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skal hækka iðgjald launagreiðanda við þessar aðstæður.

Í 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða segir að hrein eign til greiðslu lífeyris skuli vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós meira en 10% halla er hlutaðeigandi sjóði skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum. Sama gildir ef munur hefur haldist meira en 5% samfellt í fimm ár. Frá árinu 2008 hafa verið sett lög í fjörgang um bráðabirgðaákvæði sem rýmka framangreind vikmörk en með bráðabirgðaákvæði í haust var leyfilegur munur á milliigna og skuldbindinga hækkaður í 13% vegna ársins 2014 og 10% fyrir samfelldan mun í sjö ár.

**Tryggingafræðileg athugun á V-deild** var jákvæð um 4,7% í árslok 2014. Heildareignir voru 48,7 milljarðar kr. og heildarskuldbindingar 46,5 milljarðar kr. Þannig að eignir umfram skuldbindingar námu 2,1 milljörðum kr.


**Tryggingafræðileg athugun á B-deild** var neikvæð um 22,1% í árslok 2014. Heildareignir voru 22,3 milljarðar kr. og heildarskuldbindingar 28,7 milljarðar kr. og nemur því hallinn 6,4 milljörðum kr. Til að standa undir lífeyrisgreiðslum greiða launagreiðendur aukaframlag sem er ákveðið hlutfall af lífeyrisgreiðslum í hverju réttindasafni. Í tryggingafræðilegri athugun er tekið tillit til þessara framlaga og þau færð sem eign að fjárhæð 17,4 milljarðar kr. Skuldbinding B-deildar er með bakábyrgð eftirfarandi sveitarfélaga; Hafnarfjarðarbæjar, Akraneskaupstaðar, Vestmannaeyjabæjar, Norðurþings og Fjarðabyggðar.

Tryggingafræðileg athugun á stöðu sjóðsins í árslok 2014 var unnin af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi. Útreikningurinn er í samræmi við reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Forsendur útreikningsins eru óbreyttar frá fyrra ári og er miðað við lífslíkur sem byggðar eru á árunum 2007–2011.

# Skuldbindingar


## A-deild

### Eignir (skuldir) umfram heildarskuldbindingar




## V-deild

### Eignir (skuldir) umfram heildarskuldbindingar



## B-deild

### Eignir (skuldir) umfram heildarskuldbindingar



# Áhættu- stýring

**Um haustið 2014 var hafist handa** við að endurskoða skipulag áhættustýringar, meðal annars með ráðningu sérfræðings í áhættustýringu, en nauðsynlegt var að auka sjálfstæði áhættustýringar innan sjóðsins. Meðal þeirra atriða sem lögð er áhersla á er að skilgreina nánar tiltekna áhættumælikvarða, vikmörk þeim tengd sem og að þróa áfram einstakar aðgerðir. Í samstarfi við ráðgjafa er unnið að heildstæðu áhættustýringarkerfi sem byggir á alþjóðlegum stöðlum. Verið er að móta og innleiða endurskoðaða áhættustefnu sem nær til allrar starfseminnar, samræma áhættumatsaðferðir og uppfæra stjórnskipulag og verklag áhættustýringar.

Í lok ársins gerði Fjármálaeftirlitið athuganir á áhættustýringu sjóðsins til að kanna hvernig henni væri háttað og hvort hún samræmdist leiðbeinandi tilmælum þess. Niðurstaða eftirlitsins var að áhættustýring sjóðsins er almennt í góðu horfi. Eigi að síður komu fram ábendingar um atriði sem betur mættu fara hjá sjóðnum. Stjórn og starfsmenn sjóðsins hafa nú þegar hafið úrbótavinnu í ljósi þessara ábendinga.

Áhersla verður lögð á yfirsýn stjórnar og stjórnenda yfir áhættuþætti í rekstri sjóðsins og virka þátttöku starfsmanna. Við framkvæmd og skipulag áhættustýringar er leitast við að halda sem mestri aðgreiningu milli þeirra sem taka áhættu fyrir sjóðinn og þeirra sem mæla hana.

## Áhættustefna

Markmið áhættustefnu sjóðsins er að auka öryggi í rekstri hans. Í henni felst að stjórn, stjórnendur og aðrir starfsmenn meta áhættu og viðeigandi áhættuþætti við ákvarðanatöku eftir eðli máls hverju sinni. Skilvirk áhættustjórnun felur í sér að helstu áhættuþættir í starfsemi sjóðsins eru greindir, mældir og haft með þeim reglubundið eftirlit.

Áhætta í starfsemi sjóðsins er skilgreind samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingadeilda lífeyrissjóða nr. 1/2013 og leiðbeinandi tilmælum nr. 2/2014 um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila. Nær þessi áhætta bæði til atvika sem lúta að eignum og skuldbindingum sjóðsins sem og rekstrarlegum þáttum.



## Áhættu- og fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefnan gegnir mikilvægu hlutverki við áhættustýringu sjóðsins og markar viðmið og vikmörk fyrir áhættuþætti hans. Við mótun áhættustefnu liggur til grundvallar mat á núverandi stöðu sjóðsins og þróun til framtíðar. Greind eru áhrif mismunandi eignasamsetningar eftir eignaflokkum og horft á vænta ávöxtun og áhættu.

## Stjórnskipulag áhættustýringar

Stjórn ber ábyrgð á að móta áhættustefnu og að áhættustýring sé til staðar. Á grundvelli stefnunnar felur stjórn sjóðsins framkvæmdastjóra, sérfræðingi áhættustýringar og öðru starfsfólki umsjón með framkvæmd hennar en stjórnin hefur eftirlit sem byggir á upplýsingagjöf, m.a. á áhættuskýrslum. Endurskoðunarnefnd, innri endurskoðun og ytri endurskoðandi gegna mikilvægu hlutverki varðandi eftirfylgni með virkni áhættustýringar.

## Áhættuflokkun

Í áhættustefnu sjóðsins eru skilgreindir fimm meginflokkar áhættu og í hverjum þeirra eru nokkrir áhættuþættir. Alls eru metnir 26 áhættuþættir.

## Áhættustýring

Skuldbindingaráhætta	Lausafjáraáhætta	Mótaðilaáhætta	Markaðsáhætta	Rekstraráhætta
Skerðingaráhætta	Seljanleikaáhætta	Skuldaraáhætta	Vaxta- og endurfjárf.áhætta	Starfsmannaáhætta
Iðgjaldaáhætta	Sjóðstreymisáhætta	Samþjöppunaráhætta	Uppgreiðsluáhætta	Áhætta vegna svika
Kreppuáhætta		Landsáhætta	Verðbreytingaáhætta	Áhætta vegna upplýsingakerfa
Lýðfræðileg áhætta		Afhendingaráhætta	Gjaldmiðlaáhætta	Orðsporsáhætta
Pólítísk áhætta			Hætta á ósamræmi	Lagaleg áhætta
			Verðbólguáhætta	Úrskurðaráhætta
			Áhætta utan efnahags	Áhætta vegna úthýsingar
				Upplýsingaáhætta

## Áhættuþol

Áhættuþol A- og V-deilda sjóðsins er nokkuð mikið þar sem lífeyrisbyrði deildanna er lág og sjóðfélagar í yngri kantinum. Á mælikvarða tryggingafræðilegrar stöðu er áhættuþol V-deildar meira en A-deildar. Stjórn sjóðsins vill ná sem hæstri ávöxtun á verðbréfaeignir A- og V-deilda sjóðsins með tilliti til áhættu. Markmið sjóðsins er að skila yfir 3,5% raunávöxtun fyrir allar samtryggingardeildir sjóðsins til lengri tíma. Á árinu 2015 er markmiðið að skila 4,7% raunávöxtun í A- og V-deild og að staðalfrávik ávöxtunar verði 4,6%.

Áhættuþol B-deildar er frekar lítið, enda er lífeyrisbyrðin þung, meðalaldur sjóðfélaga í hærri kantinum og tryggingafræðileg staða neikvæð. Stjórn sjóðsins vill fylgja varfærinni fjárfestingarstefnu í B-deild, lágmarka áhættu og tryggja að bakábyrgð sveitarfélaganna aukist ekki vegna fjárfestinga sjóðsins. Markmið B-deildar er að skila 4,0% raunávöxtun á árinu 2015 og að staðalfrávik verði 2,9%.



## Fjárfestingar- stefna 2015

**Samkvæmt lögum** um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisjóða eiga lífeyrissjóðir að gera fjárfestingarstefnu árlega fyrir næsta ár. Stefnunni ber að skila til Fjármálaeftirlitsins fyrir 1. desember ár hvert. Í fjárfestingarstefnu er m.a. kveðið á um markmið og áherslur í eignasamsetningu fyrir hverja deild sem sjóðurinn rekur samkvæmt ákveðinni flokkun ásamt vikmörkum í hverjum eignaflokki.

Vænt ávöxtun er áætluð í hverjum eignaflokki og flókt ávöxtunar metið út frá reiknuðu staðalfrávikum aftur í tímann. Þar með fæst vænt ávöxtun safnsins í heild og áhætta mæld sem staðalfrávik. Fjárfestingarstefna deildanna er sýnd í meðfylgjandi töflu. Í stefnunni sjást markmið hvernar deildar í fjárfestingum brotið niður eftir eignaflokkum, skuldabréfum, hlutabréfum, sérhæfðum fjárfestingum og innlánunum.

Fjárfestingarstefnur sjóðsins eru varfærnar og sést það best á því að yfir 40% af verðbræfaeign deildanna er í ríkistryggðum skuldabréfum nema í séreignarleið III sem er innlánsleið. AV-deildir eru með markmið um 45% í ríkistryggðum skuldabréfum, í B-deild er markmiðið yfir 62%, í leið I um 60% og leið II er með markmið um 80% í ríkistryggðum skuldabréfum. Markmið í hlutabréfum er 19% í AV-deildum, 14% í B-deild, 29% í séreignarleið I og 10% í leið II. Auk þess eru AV-deildir með 7% markmið í sérhæfðum fjárfestingum, sem aðallega eru erlendir framtakssjóðir.

Stefna AV-deilda er að 16% af eignasafninu verði í erlendum verðbréfum á árinu 2015 og 15% í óskráðum verðbréfum. Stefna annarra deilda er sýnd í töflunni hér á síðunni.

Fjárfestingarstefnur 2015	AV-deild	B-deild	Leið I	Leið II	Leið III
Innlán	0%	0%	0%	0%	100%
Ríkistryggð bréf	45%	62%	60%	80%	0%
Skuldabréf sveitarfélaga	8%	6%	3%	3%	0%
Skuldabréf lánastofnana	3%	2%	1%	1%	0%
Skuldabréf fyrirtækja	10%	10%	6%	5%	0%
Fasteignaveðlán	8%	6%	0%	0%	0%
Innlend hlutabréf	12%	7%	9%	5%	0%
Erlend hlutabréf	7%	7%	20%	5%	0%
Sérhæfðar fjárfestingar	7%	0%	1%	1%	0%
<b>Fjárfestingar samtals:</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>
<b>Gengisbundin og óskráð verðbréf</b>					
Erlend verðbréf	16%	7%	40%	8%	0%
Óskráð verðbréf	15%	10%	5%	3%	0%
Vænt raunávöxtun	4,7%	4,5%	4,5%	3,8%	2,0%
Staðalfrávik	4,6%	4,7%	6,5%	6,8%	0,3%



Fjárfestingarstefna  
2015

Vænt raunávöxtun AV-deilda er 4,7% á árinu 2015 og vænt flókt er 4,6% mælt sem staðalfrávik. Vænt raunávöxtun B-deildar er 4,5% og flókt 4,7%, vænt raunávöxtun séreignarleiðar I er 4,5% og flókt 6,5%, í leið II er raunávöxtun áætluð 3,8% og flókt 6,8% og vænt raunávöxtun innlánsleiðarinnar er 2,0% og flóktið er metið óverulegt eða 0,3%.

Í fjárfestingarstefnu deildanna er fjallað um frekari takmarkanir og markmið sem stjórn sjóðsins hefur sett.

## Markaðir

**Hagtölur á Íslandi** hafa þróast með hagfelldum hætti miðað við flest önnur lönd. Atvinnuleysi hefur minnkað, hagvöxtur aukist, krónan styrkst, verðbólga er lág og fjárfestingar að taka við sér. Þrátt fyrir þetta var ávöxtun á innlendum verðbréfamörkuðum lág framan af ári. Seðlabankinn kom markaðsaðilum á óvart með því að lækka vexti í byrjun nóvember, sem hafði jákvæð áhrif á bæði skuldabréfa- og hlutabréfamarkaði. Árið endaði því nokkuð vel fyrir fjárfesta.

Velta á skuldabréfamarkaði var frekar lítil fram yfir mitt árið. Eftir lækkun stýrivaxta Seðlabankans í nóvember færðist meira líf í skuldabréfamarkaðinn. Verulega dró úr verðbólgu á árinu og mældist verðbólgan aðeins 1,0% í árslok. Hjöðnun verðbólgu hafði áhrif á lækkun á ávöxtunarkröfu skuldabréfa, einkum á óverðtryggðu bréfin, enda skiluðu þau mjög góðri ávöxtun á árinu á meðan verðtryggð skuldabréf skiluðu lægri ávöxtun.

Á árinu 2014 voru tvö félög skráð í Kauphöllina og líklegt er að fjöldi skráninga á næsta ári verði svipaður. Fyrir Alþingi liggur frumvarp um rýmri fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða en í því er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir geti fjárfest í verðbréfum á First North markaði til jafns við verðbréf í Kauphöllinni.

Innlend hlutabréf lækkuðu í verði fram að miðju ári eftir nokkra hækkun á fyrstu dögum ársins, en hækkuðu svo skarpt á haustmánuðum til loka ársins. Hlutabréfavisitala Kauphallarinnar, OMXI8, hækkaði um 4,1% á árinu. Erlendar hlutabréfavisitölur héldu áfram að hækka og MSCI World vísitalan hækkaði um 2,9% í USD eftir 24% hækkun árið áður. USD styrktist verulega á árinu gagnvart öðrum myntum og nam styrkingin 10% gagnvart íslensku krónunni og hækkaði MSCI vísitalan því um 12,9% í íslenskum krónum. Evran veiktist aftur á móti um 2,6% gagnvart krónunni.

Helstu seðlabankar heims hafa haldið vaxtastigi lágu og varið gríðarlegum fjármunum í kaup á verðbréfum til að auka lausafé í hagkerfunum. Þróun verðbréfamarkaða á næstu misserum mun að miklu leyti ráðast af því hvort seðlabönkunum muni takast að ná ætlunarverki sínu, að hagvöxtur verði sjálfbær. Þá geta þeir dregið úr og síðar hætt kaupum á verðbréfum án þess að það hafi neikvæð áhrif á hagkerfi heimsins.

Komandi kjarasamningar og afnám gjaldeyrishafta valda óvissu um þróun stýrivaxta, verðbólgu og þróun gengis krónunnar.



# Ávöxtun

**Nafnávöxtun** AV-deilda var 5,7% á árinu 2014 og hrein raunávöxtun var 4,6%. Ávöxtunin var því í takt við áætlanir en fjárfestingarstefna sjóðsins gerði ráð fyrir 4,4% raunávöxtun á árinu. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar var 3,6% í árslok og hækkaði meðaltalið um 0,6 prósentustig á milli ára.


Nafnávöxtun í B-deild var 6,5% og hrein raunávöxtun 5,4%. Ávöxtunin var nokkuð umfram áætlun samkvæmt fjárfestingarstefnu sem gerði ráð fyrir 3,8% raunávöxtun. Þar sem B deildin var stofnuð á miðju ári 2013, ná ávöxtunartölur fyrir deildina aðeins til eins og hálfis árs og því ekki hægt að reikna fimm ára meðaltal.

Ávöxtun í séreignardeild var misjöfn eftir leiðum. Hrein raunávöxtun leiðar I var 4,9%, 2,4% á leið II og 1,9% á leið III. Fimm ára meðaltal hreinnar ávöxtunar var 4,6% á leið I, 4,5% á leið II og 2,5% á leið III.


Á súluritunum hér á síðunni sést framlag hvers eignaflokks til ávöxtunar á árinu 2014 í AV-deildum og B-deild. Hlutfallslega kom umframávöxtun frá hlutabréfum og erlendum verðbréfum eins og gert var ráð fyrir í fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Ávöxtun	AV deild	B deild	Leið I	Leið II	Leið III
Nafnávöxtun	5,7%	6,5%	5,9%	3,4%	2,9%
Hrein raunávöxtun	4,6%	5,4%	4,9%	2,4%	1,9%
5 ára meðaltal	3,6%	-	4,6%	4,5%	2,5%

Framlag eignaflokka til ávöxtunar í A og V deild



Framlag eignaflokka til ávöxtunar í B deild



## Fjárfestingar ársins

**Fjárfestingar** í AV-deildum námu tæpum 10 milljörðum króna á árinu 2014 sem er sama fjárhæð og árið á undan. Taflan hér að neðan sýnir fjárfestingu sjóðsins á árinu 2014 eftir deildum.

Á árinu 2014 var fjárfest mest í innlendum hlutabréfum hjá AV-deildum eða fyrir 3,4 milljarða. Fjárfest var í skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum fyrir rúma tvo milljarða og 1,6 milljarða í skuldabréfum lánastofnana og innlán jukust um 922 milljónir. Tæpar 900 milljónir fóru í erlend hlutabréf, 768 milljónir í skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs, 701 milljón í skuldabréf sveitarfélaga og ný sjóðfélagalán námu 562 milljónum.

Í B-deild var fjárfest fyrir alls 312 milljónir, þar af innlend hlutabréf fyrir 194 milljónir, innlán jukust um 44 milljónir, 43 milljónir fóru til fjárfestinga í skuldabréfum fyrirtækja, um 20 milljónir í skuldabréf lánastofnana og 9 milljónum var varið til fjárfestinga í skuldabréfum með ríkisábyrgð.

Í séreignarleið I var sala meiri en fjárfesting eða sem nam 22 milljónum. Fjárfestingar í leiðum II og III námu 9 milljónum króna.

### Nettófjárfestingar 2014

*Í milljónum króna*

	AV-deild	B-deild	Leið I	Leið II	Leið III	Samtals
Innlán	922	44	-31	2	9	946
Ríkistryggð bréf	768	9	-50	-2	0	724
Skuldabréf sveitarfélaga	701	0	0	0	0	701
Skuldabréf lánastofnana	1.619	20	6	0	0	1.645
Skuldabréf fyrirtækja	2.164	43	21	3	0	2.232
Fasteignaveðlán	562	0	0	0	0	562
Innlend hlutabréf	3.418	194	20	5	0	3.638
Erlend hlutabréf	893	0	13	1	0	907
Sérhæfðar fjárfestingar	-1.290	0	-1	0	0	-1.291
<b>Fjárfestingar samtals:</b>	<b>9.757</b>	<b>312</b>	<b>-22</b>	<b>9</b>	<b>9</b>	<b>10.065</b>



**Sjóðurinn veitir lán** til sjóðfélaga sjóðsins sem og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar. Lánin eru verðtryggð með föstum vöxtum sem nú eru 3,7%. Lánstími lánanna getur verið frá 5 árum til 40 ára. Aðeins er lánað gegn veði í íbúðarhúsnæði og getur veðhlutfall verið allt að 65% af markaðsvirði fasteignar. Lántakendum er heimilt að greiða upp lán að hluta eða öllu leyti án sérstaks uppgreiðslugjalds.

Sjóðfélagalán lífeyrissjóðsins falla undir lög um neytendalán, nr. 33/2013. Samkvæmt lögunum er upplýsingagjöf aukin til lántakenda og auknar kröfur gerðar um mat á greiðslugetu og lánshæfi þeirra.


Á árinu 2014 voru veitt 55 ný lán til sjóðfélaga, samtals 534 milljónir króna samanborið við 25 lán árið 2013 að fjárhæð 162 milljónum króna. Undanfarin ár hafa einkennst af verulegum samdrætti í lánveitingum eins og sjá má á meðfylgjandi súlurítum. Í árslok 2014 námu útistandandi sjóðfélagalán 6.138 milljónum króna eða 6,2% af heildareignum. Fjárhæð vanskila í árslok 2014 var 58 milljónir króna eða 0,9% af útistandandi lánnum en stórt hlutfall vanskila er tilkomið vegna greiðsluskjóls sjóðfélaga, eða 0,6% af útistandandi lánnum.

Ýmis úrræði eru í boði hjá sjóðnum fyrir skuldara í greiðsluvanda. Áhersla hefur verið lögð á að aðstoða sjóðfélaga eftir fremsta megni við að halda lánnum í skilum með úrræðum sem í boði eru.


## Sjóðfélagalán



Fjöldi nýrra sjóðfélagalána



Lán til sjóðfélaga í milljónum króna




**Á árinu voru samþykkt tvö ný lög** sem hafa áhrif á sjóðinn og sjóðfélagalán hans. Annars vegar voru það lög nr. 35/2014 um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana, en markmið þeirra er að leiðrétta verðtryggð fasteignaveðlán heimila á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2009 og hins vegar lög nr. 40/2014 um séreignasparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar. Nú geta réttahafar séreignasparnaðar nýtt sér viðbótariðgjald, vegna launagreiðslna á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2017, til greiðslu inn á höfuðstól lána sem tekin eru vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

## Stjórnvaldsaðgerðir

# Verðbréfaeign í árslok

Skipting verðbréfaeignar  
í árslok 2014



**Verðbréfaeign** AV-deilda nam samtals 89.454 milljónum króna í árslok 2014 sem er hækkun um 9.642 milljónir frá árinu áður eða um 12%. Þar af nam hluti A-deildar 75.179 milljónum og hluti V-deildar 14.274 milljónum. Ríkistryggð skuldabréf námu 37,8 milljörðum króna eða tæpum helmingi af heildarsafninu. Frekari skipting safnsins eftir eignaflokkum sést í töflu og mynd.

Verðbréfaeign B-deildar nam 4.629 milljónum króna í árslok 2014 sem er hækkun um 6,7% frá árinu áður. Ríkistryggð skuldabréf námu 2.492 milljónum króna eða 53,8% af safninu.

Vísað er í kaflann um séreignardeild á bls. 22 um verðbréfaeign sér-eignarleiða.

LSS er með eignastýringarsamning við þrjá innlenda eignastýringaraðila sem stýra innlendum verðbréfaeignum sjóðsins. Í árslok 2014 voru um 60% af verðbréfaeign AV-deilda í virkri stýringu hjá innlendum eignastýringaraðilum og um 90% af verðbréfaeign B-deildar var í virkri stýringu. Fyrir utan innlendu eignastýringuna er sjóðurinn með ráðgjafasamning við erlendan aðila um stýringu á erlendu hlutabréfasafni sjóðsins. Öll erlend hlutabréf sjóðsins eru á einum stað. Stefnan og stýringin er því markvissari og búið að ná betri yfirsýn yfir eignaflokkinn.

Samanlögð eignasöfn samtrygginga- og séreignardeildar LSS námu 95.513 milljónum króna í árslok 2014. Fyrir utan ofangreindar deildir rekur sjóðurinn tvo samtryggingarsjóði í verktöku, Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóð starfsmanna Kópavogsbæjar. Eignasöfn þessara tveggja sjóða námu 71.399 milljónum króna í árslok og var samanlögð verðbréfaeign sjóða í rekstrarlegri umsjón LSS því 166.912 milljónir í árslok 2014.

## Verðbréfaeign í lok árs 2014


Fjárhæðir í milljónum króna

	AV-deild	B-deild	Leið I	Leið II	Leið III	Samtals
Innlán	2.334	290	11	27	263	2.926
Ríkistryggð bréf	37.775	2.492	446	201	0	40.914
Skuldabréf sveitarfélaga	7.164	261	1	0	0	7.426
Skuldabréf lánastofnana	2.852	86	11	0	0	2.949
Skuldabréf fyrirtækja	8.234	288	46	9	0	8.578
Fasteignaveðlán	6.586	234	0	0	0	6.819
Innlend hlutabréf	11.826	653	106	20	0	12.605
Erlend hlutabréf	6.856	324	229	17	0	7.426
Sérhæfðar fjárfestingar	5.827	0	37	6	0	5.870
<b>Fjárfestingar samtals:</b>	<b>89.454</b>	<b>4.629</b>	<b>887</b>	<b>281</b>	<b>263</b>	<b>95.513</b>
<i>Erlend verðbréf</i>	<i>13.470</i>	<i>319</i>	<i>335</i>	<i>19</i>	<i>0</i>	<i>14.142</i>
<i>Óskráð verðbréf</i>	<i>10.882</i>	<i>309</i>	<i>137</i>	<i>65</i>	<i>0</i>	<i>11.392</i>

Verðbréfaeign  
í árslok


**Innlend hlutabréf**

*Í milljónum króna*




**Erlendir hlutabréfasjóðir**

*Í milljónum króna*




**Erlendir framtakssjóðir**

*Í milljónum króna*



## Séreignardeild

Verðbréfaeign séreignarleiða í árslok 2014



Hjá lífeyrissjóðnum er starfrækt séreignardeild, S-deild, sem er öllum opinn, en rekstri, eignastýringu og bókhaldi hennar er útvistað til Arion banka.

Iðgjaldagreiðslur til S-deildar LSS námu 70 milljónum króna árið 2014, samanborið við 88 milljónir króna árið 2013.

Séreignardeildin býður sjóðfélögum þrjár mismunandi leiðir í ávöxtun séreignarsparnaðar.

Vænt ávöxtun leiðanna er ólík en hún er hæst í leið I en lægst í leið III. Áhætta leiðanna er mismunandi en gera má ráð fyrir að sveiflur í ávöxtun verði mestar í leið I en minnstar í leið III til lengri tíma, sem skýrist af ólíkri eignasamsetningu leiðanna. Skuldabréf með ábyrgð ríkisins voru 42% í leið I í árslok 2014. Erlend hlutabréf voru 26,3%, innlend hlutabréf 11,6%, önnur innlend skuldabréf 4,3% og innlán 1,3%.

Í leið II voru ríkisbréf 69,4% í árslok, erlend hlutabréf 6,3%, innlend hlutabréf 6,9%, önnur innlend skuldabréf 3,5% og innlán 10,6%.


Leið III er innlánsleið og þar eru innlán 100% af eignasafninu.

Raunávöxtun leiðar I var 4,9% á árinu 2014 samanborið við 2,8% árið áður. Í leið II var raunávöxtun 2,4% samanborið við 1,2% árið áður og leið III skilaði 1,9% raunávöxtun samanborið við 1,8% árið á undan. Fimm ára meðaltal raunávöxtunar var 4,6% í leið I í árslok 2014, 4,5% í leið II og 2,5% í leið III.

Samanlögð fjárhæð leiðanna í séreignardeild var 1.430 milljónir króna í árslok 2014. Leið I er stærst og var staða hennar 887 milljónir króna í árslok, staða leiðar II var 281 milljónir króna og leiðar III 263 milljónir króna.

Arion banki hf. sér um daglegan rekstur séreignardeildarinnar og sinna fjármálaráðgjafar einstaklinga í útibúi bankans í Borgartúni ráðgjöf og þjónustu við sjóðfélaga.

Raunávöxtun 2009–2014





# Ársreikningur 2014



LÍFEYRISSJÓÐUR  
STARFSMANNA  
SVEITARFÉLAGA

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

## Iðgjöld

Fjöldi þeirra sem áunnu sér réttindi í A deild voru 14.916 (14.776 árið 2013), 8.759 (8.105) í V-deild og 196(207) í B-deild. Fjöldi þeirra sem eiga réttindi í árslok í séreignardeild voru í Leið-1 816 (1.139) í Leið-2, 194 (187) í Leið-3 137 (130). Að meðaltali greiddu á mánuði 10.657 (10.460) einstaklingar iðgjald til A-deildar, 4.792 (4.154) til V-deildar og 201 (213) til B deildar.

Iðgjöld í samtryggingardeild námu 9.143 (7.962) m.kr. og greinast þannig að í A-deild komu 6.342 (5.764) m.kr., V-deild 2.084 (1.623) m.kr. og B-deild 718 (575) m.kr. Iðgjöld í séreignardeild námu 70 (88) m.kr. og greinast þannig að í Leið-1 komu 31 (38) m.kr., Leið-2 18 (20) m.kr. og Leið-3 21 (30) m.kr.

